

Sp.

934. Svar

[387. mál]

félagsmálaráðherra við fyrirspurn Svavars Gestssonar um tekjutap Reykjavíkur vegna skerðingar á Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

Vegna fyrirspurnarinnar skal upplýst að árið 1984 var fyrst sett svonefnt þak á tekjur sjóðsins. Það mun hafa átt að vera til bráðabirgða en er enn á fjárlögum þessa árs.

Sama ár var Jöfnunarsjóður látinn taka lán til þess að flýta fyrir uppgjöri Innheimtustofnunar sveitarfélaga á barnsmeðlögum. Í upphafi var lánið jafnvirði 136 millj. kr. Til þess að tryggja endurgreiðslu Jöfnunarsjóðs á láninu var honum veitt ríkisábyrgð og greiddi sjóðurinn um 2 millj. kr. fyrir hana. Síðar var láninu breytt í fimm ára gengistryggt lán sem var afborgunarlaust fyrstu tvö árin. Þá var fjárhæðin komin yfir 190 millj. kr. vegna gengishækkunar bandaríkjadals.

Árið 1987 verða afborganir af láninu rúmlega 60 millj. kr. og vextir að fjárhæð um 15 millj. kr.

Tekjur hvers einstaks sveitarfélags eru reiknaðar út eftir íbúafjölda þess en íbúafjöldinn breytist frá ári til árs. Hlutdeild þeirra í skuldinni sem að framan greinir deilist á þau öll og dregst frá þeim tekjum sem sjóðnum eru ætlaðar.

Í ár er tap hvers sveitarfélags um 320 kr. á íbúa einungis vegna greiðslu afborgana af láninu eða hjá Reykjavíkurborg um 29,2 millj. kr., Ísafjarðarkaupstað um 1 millj. kr., Fjallahreppi um 7 þús. kr. svo að dæmi séu tekin.

Tekjur af landsútsvörum voru einnig skertar vegna undanþágu olúfúlaganna á greiðslu landsútsvars af gasolíu til skipa. Sú skerðing var lögfest á árinu 1985. Vegna olíuverðsbreytinga er ekki hægt að áætla tekjur af landsútsvörum á árinu 1987.

Í 9. gr. laga nr. 73/1980, um tekjustofna sveitarfélaga, segir að tekjur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga skuli m.a. vera:

- a. Framlag úr ríkissjóði sem nemur 8% af söluskatti þeim sem innheimtur er í ríkissjóð skv. lögum nr. 10/1960, um söluskatt.
- b. Framlag úr ríkissjóði sem nemur 5% af verðtollstekjum ríkissjóðs skv. lögum nr. 6/1974, um tollskrá o.fl.

Útreikningur á lögbundnu framlagi:

- a. Útreikningur á lögbundnu framlagi í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga er miðaður við söluskatt eins og hann er á hverjum tíma (söluskattur, söluskattsauki, orkujöfnunar-

gjald og húsnæðisgjald mynda það sem nefnt er sölugjald). Lögbundna framlagið á árinu 1985 er t.d. fundið þannig: Skv. ríkisreikningi 1985 nam innheimtur söluskattur og söluskattsauki (þ.e. 22,5%) 10 448 921 þús. kr. á árinu 1985. Lögbundna framlagið í ríkissjóð hefði því átt að vera 8% af 10 448 921/22,5x20 eða 743 034 þús. kr.

b. Í þessu tilviki er aðeins flett upp á innheimtum verðtollstekjum í ríkisreikningi og fundin 5% af þeirri fjárhæð.

Lögbundið og raunverulegt framlag af söluskattstekjum.

a. Á verðlagi hvers árs:

1984	1985	1986	1987
557 226	743 034	973 590	1 168 000
495 000	635 000	770 000	820 000

b. Á verðlagi fjárlaga 1987 (staðvirt með framfærsluvísitölu):

1984	1985	1986	1987
1 009 506	1 016 906	1 098 708	1 168 000
896 773	869 052	868 954	820 000

Lögbundið og raunverulegt framlag af verðtollstekjum.

a. Á verðlagi hvers árs:

1984	1985	1986	1987
128 033	147 500	142 272	151 500
100 000	147 500	142 272	151 500

b. Á verðlagi fjárlaga 1987 (staðvirt með framfærsluvísitölu):

1984	1985	1986	1987
231 953	201 866	160 556	151 500
181 166	201 866	160 556	151 500

Reykjavík.

		Á verðlagi 1987	Lokatala án skerðingar	Á verðlagi 1987
Lokatala 1984	205 176	371 718	220 019	398 609
Lokatala 1985	228 075	312 143	260 910	357 081
Lokatala 1986	278 591	314 389	345 992	390 451
Áætlað 1987	292 460		411 273	

Tap Reykjavíkurborgar af öllum skerðingunum gæti numið um 120 millj. kr. í ár, eða sem svarar til 1300 kr. á fbúa.